


4 Hvalá, Ófeigsfirði

Á Ófeigsfjarðarheiði er fyrirhugað að stífla Hvalá við útfall Nyrðra-Vatnalautavatns og að stífla Rjúkanda rétt neðan við ármót syðri og nyrðri kvísla Rjúkanda í um 330 m y.s. Báðar stíflurnar eru um 23 m á hæð og saman mynda þær um 77 Gl miðlun, sem hér er kölluð Vatnalautamiðlun. Frá Vatnalautamiðlun er vatninu veitt um jarðgöng yfir í Efra-Hvalárvatn, sem verður inntakslón Hvalárvirkjunar. Efra-Hvalárvatn er með náttúrulegt vatnsyfirborð í um 300 m y.s. og verður það því sem næst óbreytt eftir virkjun. Byggt verður lágt yfirfall við útrennsli þess og mun vatnsborð við það hækka um aðeins hálfan til einn metra. Nær óbreytt vatnsborð Efra-Hvalárvatns gerir kleift að veita Eyvindarfjarðará með miðlun í Neðra-Eyvindarfjarðarvatni yfir til Efra- Hvalárvatns. Virkjað yrði í einu þrepi niður í Ófeigsfjörð með 2,6 km löngum aðrennslisgöngum, að stöðvarhúsi sem staðsett yrði í Strandarfjöllum og með 1,7 km löngum frárennslisgöngum með útrás rétt ofan við Hvalárfoss. Virkjað fall yrði frá 315 m y.s. niður í 5 m y.s. Háspennulínu þarf að leggja frá virkjuninni, væntanlega suðvestur yfir Ófeigsfjarðarheiði allt að Vesturlínu í Þorskafirði um 60 km vegalengd.

Afl 35 MW_e, orkugeta 259 GWh/ár.



FH III/FH IV: Gæði gagna B. FH III: Áhrif 44. FH IV: Kostnaðarflokkur 5.



Umsögn faghóps I

FH I: Gæði gagna C/B. Hvalá – Ófeigsfjarðarheiði Verðmæti/Meðaltal 4,8/8,0.

Áhrifaeinkunn/Meðaltal 3,7/5,4



Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna C/C.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útvistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Ófeigsfjarðarheiði	7,62	37

Staðar- númer	Virkjunarhugmynd	Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir		Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útvist	Röð
		til beitar	vegna veiða		
4	Hvalá	1	1	2,15	46

Röðun FH I/FH II: 29.

Könnun verkefnisstjórnar: N7, B5, V0.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Mundi auka öryggi raforku á Vestfjörðum. Vegna tengikostnaðar er verkefnið í bið. Rannsóknarleyfi fengið. Frumhönnun lokið. Eina virkjunarhugmynd á Vestfjörðum í mati. Orkuvinnsla gæti hafist árið 2016.

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Óvissa um tilhögun virkjunar og áhrif hennar á náttúru og ferðaþjónustu. Sjónræn áhrif langrar háspennulínu. Dýr kostur.

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

Virkjun á svæði sem í dag er þekkt og vinsælt göngusvæði, einnig farnar fágætar og langar hestaferðir á svæðinu (mjög takmarkað framboð). Styrkleiki svæðisins er að farið er um stórbrotið land og lítt manngert. Virkjun og ekki síður lína mundi gjörbreyta upplifun og áhrifum af ferðum um svæðið.

Flokkun í þingsályktunartillögu: Nýtingarflokkur

Rökstuðningur: Vísað til röðunar verkefnisstjórnar (tafla 7.2 í fylgiskjali 1) og könnunar verkefnisstjórnar (fylgiskjal 3). Eini virkjunarkostur á Vestfjörðum sem metinn var af öllum faghópum. Virkjun á Vestfjörðum skiptir miklu máli fyrir orkuöryggi þar.